

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 25. apríl kl. 9:08, var haldinn 228. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Svavar Helgason, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir og Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Hrefna Þórsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fjármálastjóri SEA og sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið nr. 1. Deildarstjóri deiliskipulags situr fundinn undir liðum 3, 4 og 8. Starfsfólk skipulagsstjóra hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 5-10 og 14-15. Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða og deildarstjóri náttúru og garða sitja fundinn undir liðum 11-12. Verkefnisstjóri hjá samgöngustjóra situr fundinn undir lið 13. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagssvið, fjárhagsáætlun 2019-2023 Mál nr. US180073

Kynning á markmiðum í umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.
Kynning á gildandi fjárfestingaráætlun 2018-2022.
Kynnt.

Guðlaug S. Sigurðardóttir fjármálastjóri SEA. og Hrönn Hrafnisdóttir sérfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 20. apríl 2018.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuh., breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, breytt landnotkun og fjölgun íbúða Mál nr. SN180292

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í apríl 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð. Í breytingunni felst breytt landnotkun og fjölgun íbúða.

Verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í apríl 2018 samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Verklýsingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:

Hverfisráðs Hlíða, Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.

Nágrannasveitarfélaga, Skóla- og frísundaráðs/sviðs, Skipulagsstofnunar

Tækniskólans, Þjóðkirkjunnar. og Veðurstofu Íslands

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Vísad til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, KR-svæði, breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, breytt landnotkun Mál nr. SN180293

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í apríl 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir KR-svæði. Í breytingunni felst breytt landnotkun, nýjum kjarna í Vesturbæ og fjölgun íbúða.

Verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í apríl 2018 samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Verklýsingin verður send til eftritalinna umsagnaraðila:

Hverfisráðs Vesturbæjar, Íbúasamtaka Vesturbæjar, Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, Nágrannasveitarfélaga, Skóla- og frísundaráðs/sviðs, Íþróttafélagsins KR og Skipulagsstofnunar.

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lofnarbrunnur 14, breyting á deiliskipulagi (05.055.5) Mál nr. SN180281
600416-1700 Seres byggingafélag ehf., Bæjarlind 2, 201 Kópavogur
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Lögð fram umsókn Jóns Hrafn Hlökkverssonar dags. 18. apríl 2018 ásamt bréfi dags. 18. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 14 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst að bundnar byggingarlínur á lóðinni er breytt í óbundnar byggingarlínur ásamt fjölgun íbúða og bílastæða á lóð. Jafnframt verður húsið lækkað, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 12. apríl 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Heklureitur, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN170017
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2018 ásamt tillögu dags. 8. febrúar 2018 að deiliskipulagi fyrir Heklureit. Í tillögunni felst í meginatriðum að allur götुरeiturinn er skipulagður sem heildstæð byggð á sex lóðum í stað þriggja lóða áður. Lagt er til breytt fyrirkomulag og gerð 2-8 hæða bygginga sem allar hafa inngarð, með verslun á jarðhæðum og íbúðum á efri hæðum. Íbúðum á reitnum er að hámarki fjölgað um 400.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 970 frá 24. apríl 2018.

8. Borgartún 8-16A, Íbúðagisting fl. 2 (01.220.107) Mál nr. BN054380
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. mars 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu á íbúðum á 1. - 8. hæð, 38 íbúðir, sem gististað í flokki II, teg. íbúð, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018 samþykkt.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri og Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Trilluvogur 1, Fjölbýlishús og raðhús (01.452.301) Mál nr. BN054383
550812-0100 Enver ehf., Lágmúla 7, 105 Reykjavík
550512-1140 Vogabyggð ehf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík

Sótt erum leyfi til að byggja þriggja til fimm hæða fjölbýlishús með 41 íbúð, þriggja hæða raðhús með 5 íbúðum og bílgeymslu sem er að hluta niðurgrafið með 42 stæðum á lóð nr. 1 við Trilluvog.

Erindi fylgir brunahönnun dags. 13. mars 2018, hljóðvistarskýrsla dags. 6. mars 2018 og bréf Vogabyggðar dags. 15. mars 2018.

Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. apríl 2018. Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri og fulltrúi Traðar Sigríður Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

10. Njálsgata 67, (fsp) stækkun húss (01.191.025) Mál nr. SN180250
150978-3789 Arnaldur Geir Schram, Bandaríkin,
Lögð fram fyrirspurn Arnalds Geirs Schram dags. 2. apríl 2018 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 67 við Njálsgötu, samkvæmt uppd. A. Schram arkitektúr dags. 30. mars 2018. Einnig er lagt fram fyrirspurnarhefti dags. 2. apríl 2018. Frestað

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

11. Vinnuskólinn 2018, laun Mál nr. US180092
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 18. apríl 2018 varðandi laun í vinnuskólanum sumarið 2018. Samþykkt
Vísað til borgarráðs.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Votlendi, endurheimt Mál nr. US180091
Lagt fram bréf votlendissjóð dags. 23. apríl 2018 þar sem óskað er eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við fyrirhugaða endurheimt votlendis í Úlfasarárdal. Einnig er lagt fram minnisblað varðandi endurheimt votlendis móttakið 24. apríl 2018 og tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018. Frestað.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Naustareitur, hönnun á nýju torgi Mál nr. US180086
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, borgarhönnun dags. 23. apríl 2018 ásamt tillögu Landslags dags. 11. apríl 2018 á nýju torgi við Naustareit. Samþykkt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Veltusund 3B, málskot (01.140.2) Mál nr. SN180228
610313-0190 Lögmennt Sundagörðum ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Lagt fram málskot Lögmannna Sundagörðum dags. 22. mars 2018 varðandi neikvæða afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 19. janúar 2018 um breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund sem felst í að heimilt verði að vera með gististað í húsinu. Einnig er lagt fram minnisblað Daða Björnssonar ódags. ásamt úttekt á hlutfalli húsrýmis í notkun til gistipjónustu Kvosinni dags. 15. apríl 2018.

- Kl. 11:37 vikur Áslaug Friðriksdóttir af fundi.
Kl. 11:47 vikur Svafar Helgason af fundi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson staðfesta fyrri afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 19. janúar 2018. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson greiðir atkvæði á móti afgreiðslunni og bókar:

„Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson, telur að samþykka eigi beiðni eiganda Veltusunds 3 b um að fá leyfi fyrir gististarfsemi í húsinu enda hefur hann ítrekað óskað eftir því allt frá árinu 2007. Miðað við 23% heimild fyrir gistingu í Kvosinni myndi gististarfsemi í þessu húsi rúmast innan þess gistikvóta fyrir það svæði.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson gagnbóka: „Fulltrúar Bjartrar Framtíðar, Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs benda á að samkvæmt gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi er ekki heimilt að vera með gististarfsemi í húsinu við Veltusund 3B.“

Dagný Helgadóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Útilistaverk í Álfsnesi, beiðni um flutning Mál nr. US180068

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 21. mars 2018 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs á erindi Hallsteins Sigurðssonar dags. 12. mars 2018 um útilistaverk á Álfsnesi.
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Kvosin, Landsímareitur, Kæra 21/2018, (01.140.4) Mál nr. SN180110
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 13. febrúar 2018 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 8. nóvember sl. um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 19. febrúar 2018 um stöðvun framkvæmda og umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. mars 2018. Jafnframt er lagður fram bráðabirgðaúrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 20. apríl 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða er hafnað.

17. Kvosin, Landsímareitur, Kæra 22/2018, (01.140.4) Mál nr. SN180111
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 13. febrúar 2018 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 8. nóvember sl. um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 19. febrúar 2018 um stöðvun framkvæmda og umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. mars 2018. Jafnframt er lagður fram bráðabirgðaúrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 20.

apríl 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða er hafnað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:15

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson

Heiða Björg Hilmisdóttir
Halldór Halldórsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 24. apríl kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 970. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Barónsstígur 47 (01.193.101) 102532 Mál nr. BN054082
710304-3350 Álftavatn ehf., Pósthólf 4108, 124 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á hluta 2. hæðar og fjölga gestum í 140 í gististað í flokki IV - tegund b, stærra gistiheimili, á lóð nr. 47 við Barónsstíg.
Útskrift úr gerðabókembættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. apríl 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
2. Blesugróf 12 (01.885.506) 108895 Mál nr. BN053956
010764-2899 Pétur Ingason, Hesthamrar 13, 112 Reykjavík
130482-3419 Magnús Þór Hjálmarsson, Lautasmári 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja parhús með geymslum og bílgeymslum í kjallara á lóð nr. 12 við Blesugróf.
Stærðir: A-rými 294,0 ferm., 1.090,2 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. janúar 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. janúar 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Blesugróf 12 (01.885.506) 108895 Mál nr. BN054499
010764-2899 Pétur Ingason, Hesthamrar 13, 112 Reykjavík
130482-3419 Magnús Þór Hjálmarsson, Lautasmári 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á íbúðarhúsi, fastanúmer 203-8344 á lóð nr. 12 við Blesugróf.
Stærðir 96,8 ferm.
Tölvupóstur frá umsækjandi varðandi niðurrif dags. 23.04.2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
4. Bragagata 26A (01.186.639) 102334 Mál nr. BN054440
100758-2299 Helgi Björnsson, Bragagata 26a, 101 Reykjavík

180657-2319 Vilborg Halldórsdóttir, Bragagata 26a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047670 þannig að verönd stækkar að lóðamörkum til vesturs á bílskúrsþaki við einbýlishús á lóð nr. 26A við Bragagötu.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Haðarstígs 2 og Bragagötu 24 og 28 áritað á uppdrátt.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Drápuhlíð 38 (01.713.007) 107218 Mál nr. BN054536
141076-3109 Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052183 þar sem fjarlægt er eldvarnargler í hornglugga á austur hlið á bílskúr á lóð nr. 38 við Drápuhlíð.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Eikjuvogur 27 (01.470.502) 105725 Mál nr. BN054422
630317-0290 Ofar ehf., Skógarvegi 14, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvö tveggja hæða hús, steinsteypt, einangruð að utan og klædd timbri og bárujárnri með þremur íbúðum á lóð nr. 27 við Eikjuvog.
Mhl. 01: 154,1 ferm., 563,1 rúmm.
Mhl. 02: 221,4 ferm., 793,2 rúmm.
Samtals: 375,5 ferm., 793,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr. BN054252
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjögur sambyggð fjölbýlishús með inngörðum, 83 íbúðir á fjórum hæðum og sameiginlegum bílakjallara á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 20. febrúar 2018, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 20. febrúar og greinargerð um brunahönnun dags. 20. febrúar 2018.
Stærð, A-rými: 9.331,2 ferm., 29.036,3 rúmm.
B-rými: 1.324,0 ferm., 4.170,8 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
8. Fellsmúli 24 (01.297.101) 103858 Mál nr. BN054496
600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01 og flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 24 til 26 við Fellsmúla.

Bréf frá hönnuði dags. 4. apríl 2018. Greinargerð brunahönnuðar 20. mars. 2018 fylgir.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Freyjugata 44 (01.196.102) 102643 Mál nr. BN054235
541015-2640 Systa ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja garðskála sem verður að hluta til staðsteyptur og að hluta til úr gleri á lóð nr. 44 við Freyjugötu.
Undirritað bréf fylgir erindinu.
Samþykki frá meðeigenda nr. 44, samþykki hluta eiganda nr. 42 og samþykki frá hluta af eignum Mímisvegur 8 fylgir.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. apríl 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. apríl 2018.
Stærð garðskála er 40,0 ferm., 108,7 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda og málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar nr. 103, 104 dags. 13. febrúar 2018 og síðast breytt 15. febrúar 2018.
10. Gissurargata 1 (05.113.701) 214849 Mál nr. BN054494
190280-3229 Sveinn Anton Ólafsson, Andrésbrunnur 2, 113 Reykjavík
061281-5179 Elin Ósk Vilhjálmsdóttir, Andrésbrunnur 2, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð, einangrað að utan og klætt, múrkerfi, zinki, zedrusvið á lóð nr. 1 við Gissurargötu.
Stærð, A-rými: 356,5 ferm., 1.234,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Gissurargata 3 (05.113.702) 214850 Mál nr. BN054505
060359-4159 Sigurður Ólafsson, Gissurargata 3, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN039297, um er að ræða breytt innra skipulag í kjallara og stækkun inn í úppfyllta sökkla, v/lokaúttektar í einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Gissurargötu.
Stækkun: 21,3 ferm.
Eftir stækkun, A-rými: 360,8 ferm., 1.549,1 rúmm.
B-rými: 33,9 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
12. Gnoðarvogur 44-46 (01.444.101) 105528 Mál nr. BN053998
160759-2919 Björn Leósson, Kjarrhólmi 38, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II - tegund g, íbúðir, fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 44 við Gnoðarvog.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2016.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Grandagarður 5 (01.115.203) 100050 Mál nr. BN054214
650309-0140 Kría Hjól ehf, Grandagarði 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. A fyrir 80 gesti á fyrstu og annarri hæð og koma fyrir flóttastiga á norðurhlíð húss á lóð nr. 5 við Grandagarð.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2018.
Samþykki eiganda á nr. 3 og 7 ódags.
Gjald kr. 11.000 + 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

14. Grensásvegur 9 (01.461.101) 105665 Mál nr. BN054245
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lagfæra skráningu skrifstofuhúss ásamt minni háttar breytingum innanhúss í húsi á lóð nr. 9 við Grensásveg.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 17. apríl 2018 varðandi stærðarbreytingar.
Stækkun: 16,9 ferm., 4.439,8 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
15. Grensásvegur 22 (01.801.215) 107636 Mál nr. BN054479
680501-3350 Samasem ehf, Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á annarri hæð í gistirými í flokki II tegund C fyrir 10 gesti í húsi á lóð nr. 22 við Grensásveg.
Samþykki eiganda dags. 5. apríl 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. Haðaland 26 108801 Mál nr. BN054457
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja tvær færnanlegar kennslustofur á lóð nr. 26 við Haðaland.
Stærðir:
Timburhús: 55,7 fermetrar og 163,4 rúmmetrar
Stálgámur: 74,0 fermetrar og 227,2 rúmmetrar
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
17. Hafnarstræti 18 (01.140.303) 100837 Mál nr. BN054146
501298-5069 Sjöstjarnan ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lyfta húsi um 90cm, byggja kjallara undir allt húsið og tveggja hæða viðbyggingu á bakhlið, innréttu verslun og þjónustu í kjallara og á 1. hæð og skrifstofu á 2. hæð ásamt því að endurgera ytra byrði til samræmis við útlit þess frá 1924, hús á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.
Erindi fylgja umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 4. janúar 2017, 20. september 2017, 29. nóvember 2017, 15. febrúar 2018.
Stækkun: 339,2 ferm., 1.282,3 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Haukahlíð 2 (01.627.401) 223517 Mál nr. BN054491
611212-1350 REY Hotel hf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða, 448 herbergja hótél, gististað í flokki IV - tegund a, þar sem kjallari og 1. hæð eru steinsteypt en efri hæðir eru úr forsmíðuðum herbergiseiningum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 2 við Haukahlíð.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 14. desember 2017 og greinargerð um brunahönnun dags. 10. apríl 2018.

Stærð, A-rými: 24.180,9 ferm. , 79.138 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Haukahlíð 5 (Hlíðarendi 20-26) (01.629.602) 221261 Mál nr. BN054382
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða fjölbýlishús með 15 íbúðum, mhl. 06, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 6. mars 2018.
Mhl. 06, A-rými: 1.714,3 ferm., 5.397,5 rúmm.,
B-rými: 103,6 ferm.
A- og B-rými, samtals: 1.817,9 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. Hólmgarður 54 (01.819.304) 108270 Mál nr. BN054407
141185-2339 Guðjón Hrafn Guðmundsson, Hólmgarður 54, 108 Reykjavík
171090-3189 Steinunn Saga Guðjónsdóttir, Hólmgarður 54, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka þak með kvist á hvorri þakhlið og byggja léttbyggða anddyrisviðbygginu við norðurhlið 1. hæðar og einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir á suðurhlið á 2. hæð í húsi á lóð nr. 54 við Hólmgarð.
Bréf hönnuðar dags. 20. mars 2018 og samþykki nr. 52 og nr. 54 ódags. fylgir.
Stækkun : 58,1 ferm., 88,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísan til athugasemda.
21. Hraunbær 62-100 (04.335.201) 111079 Mál nr. BN054326
250770-5029 Guðmundur Hrafn Pálsson, Hraunbær 76, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og breytingu á skráningartöflu vegna breytinga á eignamörkum og gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 76 við Hraunbæ.
Samþykki meðeigenda dags. 07.02.2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar.
Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

22. Hrístateigur 23 (01.346.108) 104077 Mál nr. BN054355
540917-0270 Synaptik ehf., Skipasundi 14, 104 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Hrístateig.
Erindi fylgir brunavirðing dags. 12. maí 1944.
Gjald kr. 11.000
